

## AUGLÝSING um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

*Deiliskipulagstillaga Austurvegar 52-60a, Selfossi.*

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti þann 27. maí 2020 deiliskipulag Austurvegar 52-60a, Selfossi.

Skipulagssvæðið afmarkast af Hrísholti í suðri, Rauðholti í vestri, Austurvegi í norðri og í austri af Merkilandi og göngustíg á milli Austurvegar og Merkilands. Á skipulagssvæðinu er deiliskipulag í gildi fyrir Austurveg 52-54, nr. 1983 samþykkt í október 1993, sem fellur úr gildi.

Markmið deiliskipulagsins er að þróa nánar götummynd við Austurveg, auka umferðaröryggi, skilgreina afmarkanir lóða og byggingarheimildir innan lóða. Breytingar eru gerðar á lóðunum Austurvegur 60 og 60b sem sameinast í eina lóð sem ber heitið Austurvegur 60.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð skv. 42. gr. og 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Selfossi, 15. júlí 2020.*

**Sigurður Andrés Þorvarðarson** skipulagsfulltrúi.